

GJALDSKRÁ
fyrir fráveitu á veitusvæði
Orkuveitu Reykjavíkur – vatns- og fráveitu, Reykjavíkurborg.

Félagsfundur Orkuveitu Reykjavíkur – vatns- og fráveitu hefur samþykkt eftirfarandi gjaldskrá fyrir fráveitu og birtir hana í umboði borgarráðs Reykjavíkur:

1. gr.
Álögð fráveitugjöld.

<i>Sveitarfélag</i>	<i>Fast gjald kr./matseiningu</i>	<i>Breytilegt gjald kr./fermetra</i>
Veitusvæði I - Reykjavík	10.109	390,19

Heimilt er að innheimta fráveitugjald af öllum fasteignum þar sem tenging er fyrir hendi við mörk fasteignar. Fráveitugjald samanstendur af fastagjaldi á hverja matseiningu og fermetragjaldi eftir stærð samkvæmt fasteignamati. Heimilt er að reiknað sé af flatarmáli allra mannvirkja á fasteign.

Heimilt er Orkuveitu Reykjavíkur – vatns- og fráveitu að gjaldfella álagningu ársins verði greiðslufall á einum eða fleiri reikningum vegna álagningarinnar.

2. gr.
Tengigjöld.

<i>Svæði</i>	<i>Tengigjald¹</i>	<i>Grunnur</i>
Norðlingaholt	342.842	kr./lóð
Úlfarsárdalur (1. og 2. áfangi)	391.259	kr./lóð
Reynisvatnsás	391.259	kr./lóð
Svæði sunnan Sléttuvegar	391.259	kr./lóð

¹ Verð miðast við tvöfalda 150 mm tengingu við lóðarmörk.

Tengigjöld fyrir stakar lóðir í öðrum hverfum en tilgreind eru hér fyrir ofan taka mið af gerð, lengd og stærð tengingar. Lóðarhafi ber raunkostnað af tengingu við virkt fráveitukerfi. Hafi lóðarhafi eða verktaki á hans vegum lagt tengingu undir eftirliti Veitna greiðir hann fyrir tengistút við safnkerfi kr. 75.000.

Tengigjöldin miðast við byggingarvísitölu desember 2016 og uppfærast 1. hvers mánaðar miðað við þá vísitölu.

3. gr.

Gjaldskrá þessi sem er sett í samræmi við lög um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009 og reglugerð um fráveitur sveitarfélaga nr. 982/2010 öðlast gildi 1. janúar 2017. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1134/2015.

Reykjavík, 6. desember 2016.

F.h. Orkuveitu Reykjavíkur – vatns- og fráveitu,
Inga Dóra Hrólfsdóttir.